

51. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2012, kl.17:00 á skrifstofu Grunnskólanum á Bakkafirði.

Mætt eru: Ævar Rafn Marínósson varaoddviti, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Reimar Sigurjónsson og Steinunn Leósdóttir. Jafnframt sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 12.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 20.04.2012.

Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Hafralónsár, dags. 21.04.2012.

Lögð fram til kynningar.

4. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Sveitarstjóri lagði fram til kynningar afrit af tveimur bréfum sem send voru sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 14. og 18. mars 2012.
- Sveitarstjóri lagði fram fram bréf frá Ágústi Guðröðarsyni og Sigríði M. Gamalíelsdóttur, dags. 18.04.2012. Í bréfinu er spurt hvort sveitarstjórn Langanesbyggðar geri athugasemdir við að Ágúst Marínó Ágústsson taki við búskap á Sauðanesi. Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir og óskar Ágústi Marínó velfarnarðar í búskap sínum.
- Sveitarstjóri tilkynnti að Helgi Mar Árnason, skrifstofustjóri sveitarfélagsins, hefur sagt upp starfi sínu og leggur sveitarstjóri til að starfið verði auglýst sem fyrst.

5. Bréf frá forsætisráðuneytinu, dags. 28.03.2012.

Lagt fram til kynningar.

Í bréfinu er boðað til fundar í húsakynnum Framsýnar á Húsavík þann 24.maí 2012. kl.10. Efni fundarins er að kynna sveitarstjórnnum málefni þeirra landsvæða sem úrskurðuð hafa verið þjóðlendur.

6. Bréf frá Marínó Jóhannssyni.

Lagt fram til kynningar.

Mikil umræða um landbúnaðarmál. Sveitarstjórn stefnir að því halda fund með bændum í Langanesbyggð til að fjalla um ýmis landbúnaðarmál, helst fyrir sumarsólstöður. Sveitarstjóra falið að skipuleggja og boða til fundarins.

7. Bréf frá Vopnafjarðarhreppi, dags. 13.04.2012.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 11.04.2012.

Lagt fram til kynningar.

Í bréfinu er fjallað um aðalskipulag Langanesbyggðar. Umræða um aðalskipulag. Ákveðið að halda sveitarstjórnarfund um aðalskipulagið miðvikudaginn 2. maí nk. kl. 14:00.

9. Viðhorfskönnun vegna Nausts.

Lögð fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:32.